

Fjarðabyggð



Skólaskrifstofa Austurlands



Fljótsdalshérað



Dagsetning: 23. júní 2014  
Málsnúmer: 1406128/0

**Til fræðslunefndar Fjarðabyggðar og Fljótsdalshéraðs og stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands**

## MINNISBLAÐ

*vegna hugsanlegs samstarfs skóla á Austurlandi um bættan námsárangur nemenda í læsi og stærðfærði.*

Mikil umræða hefur átt sér stað undangengin misseri um stöðu íslenskra grunnskólanemenda í undirstöðunámsgreinum íslensku og stærðfræði. Ástæða mikillar umræðu nú er ekki síst árangur nemenda í Pisa könnuninni 2012 (PISA er umfangsmikil alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í lestri, náttúrufræði, stærðfræði og þrautalausn) sem birtar voru í lok árs 2013 og sýndu að íslenskum nemendum hafði farið aftur í alþjóðlegum samanburði. Árangur austfirskra barna var töluvert slakari en jafnaldra á Íslandi og árangurinn þeirra hafði dalað frá Pisa könnuninni 2009.

Vorið 2014 boðaði Skólaskrifstofa Austurlands til fundar um niðurstöðu nemenda á Austurlandi og í kjölfarið tók Skólastjórafélag Austurlands málið til umfjöllunar á vofundi sínum í maí og fékk Gylfa Jón Gylfason fræðslustjóra Reykjanesbæjar til að halda erindi um bættan námsárangur nemenda í Reykjanesbæ, en í vetur hafa sveitarfélögin á Suðurnesjum verið að birta niðurstöður af sameiginlegu þróunarverkefni þeirra, sem unnið hefur verið að frá haustinu 2011 og snýst um að bæta námsárangur nemenda á Suðurnesjum. Árangur þeirra á samræmdum prófum var töluvert undir landsmeðaltali og að þeirra mati óásættanlegur, en hefur tekið miklum framförum eftir að þróunarverkefnið hefur verið keyrt í tvö ár. Gylfi Jón var einnig með erindi á vofundi Grunns, félags fræðslustjóra og stjórnenda á skólaskrifstofum, á Hallormsstað nú í vor sem og fræðslustjórar Mosfellsbæjar og Reykjavíkur sem sögðu frá samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa frá apríl 2011 unnið að mótun framtíðarsýnar (hluti af sóknaráætlun sveitarfélaga til ársins 2020 sem unnin var að tilstuðlan ríkisstjórnar Íslands) og hópur sem fjallaði um skólamál skilaði tillögu í vetur og þar liggur fyrir stefnumótun í fimm liðum undir kjörorðinu „Skólar í fremstu röð“. Í lokaskýrslu frá 2013 segir m.a. „Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sammælast um að gera menntamál að sameiginlegu forgangsverkefni sínu til ársins 2020. Ráðstöfun fjármagns, stefnumörkun og aðgerðir taka mið af þeirri forgangsröðun. Meginmarkmið er að höfuðborgarsvæðið skipi sér í hóp þeirra svæða á Norðurlöndum, sem ná bestum árangri í skólastarfi.“

Á fundum skólafólks á Austurlandi hefur komið fram sterkur samstarfsvilji um að bæta námsárangur austfirskra nemenda og skipa skólum hér eystra í röð með þeim bestu á Íslandi.

11. júní s.l. hittust undirrituð og ræddu um hvernig best væri að haga málum. Niðurstaða fundarins var að

- a) kynna málið sem fyrst fræðslunefndum á Austurlandi og framkvæmdastjórum sveitarfélaga á Austurlandi
- b) óska eftir stuðningi sveitarstjórna að vinna að bætum námsárangri nemenda í læsi og stærðfræði og nýta sér í því sambandi m.a. þekkingu og reynslu skóla á Reykjanesi.
- c) ráða í viðbótarstöðugildi kennsluráðgjafa við Skólaskrifstofu Austurlands frá og með haustinu 2014. Í því sambandi verði um leið sérstaklega hugað að því að tryggja aukna ráðgjöf við leikskóla á starfssvæði skólaskrifstogunnar, en þrír kennsluráðgjafar Skólaskrifstofu Reykjanesbæjar hafa leikið lykilhlutverk í þróunarverkefninu á Suðurnesjum. Tveir kennsluráðgjafar á Skólaskrifstofu Austurlands ættu að geta sinnt samskonar starfi hér eystra.

Þessar hugmyndir hafa verið kynntar skólastjórum leik- og grunnskóla í Farðabyggð og á Fljótsdalshéraði sem hafa lýst sig fylgjandi verkefninu.

Það er von undirritaðra að fræðslunefndir og sveitarstjórnir taki vel í erindið og nái að taka það fyrir áður en sumarfrí sveitarstjórna hefjast og einnig að hægt verði að taka lið c fyrir í stjórn Skólaskrifstofu Austurlands þannig að auglýsa megi eftir kennsluráðgjafa sem hafið geti störf í skólabyrjun skólaársins 2014-2015.

